

## 5. bekkur

### Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í þessum námsvísi birtast helstu áhersluþættir í kennslu einstakra námsgreina. Þeim sem vilja leita sér nánari upplýsinga er bent á Aðalnámskrá grunnskóla veffang: [www.mrn.stjr.is](http://www.mrn.stjr.is). Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um kjarnagreinar og aðrar skyldunámsgreinar og segir til um áherslur og vægi. Hún er grundvöllur skólanámskrárgerðar og jafnframt viðmiðun við mat á skólum og skólastarfi. Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá. Heildarfjöldi kennslustunda í 5. bekk er 35.

**Umsjónarkennarar í 5. bekk eru:** Jóhann Ingi Einarsson og Hulda Björk Snæbjörnsdóttir

### Heimavinna

Nemendur þurfa oft að lesa í fleiri en einni bók heima sem tilheyra hinum ýmsu námsgreinum. Einnig er mikilvægt að þeir lesi heima á hverjum degi í frjáltslestrarbók. Mikilvægt er að nemendur nái upp góðum hraða í lestri og tækni við að greina efni í texta. Nemendur fá verkefni í stærðfræði og íslensku til að vinna heima. Mikilvægt er að nemendur ljúki við verkefni sem þeir hafa ekki náð að klára í skólanum.

## Íslenska

**Helstu áhersluatriði:** Að efla lesskilning nemenda, orðaforða og málskilning. Það gerum við t.d. með því að lesa sögur og vinna spurningar upp úr þeim, þannig þjálfast nemendur í að lesa mismunandi texta og greina aðalatriði frá aukaatriðum.

Nemendur þjálfast í að tjá sig fyrir framan bekkjarfélagana t.d. með því að lesa frumsaminn texta og kynna verkefni. Hlusta á umræður og taka þátt í þeim.

Í ritun læra nemendur að semja sögur með atburðarás.

Nemendur læra vísur og ljóð eftir íslenska höfunda utanbókar til munnlegs flutnings. Farið verður í helstu hugtök ljóða s.s. rím og ljóðstafi.

Nemendur vinna ljóða vinnubækur þar sem þeir setja upp ljóðin, vinna verkefni um höfundana og myndskreyta. Einnig munu nemendur nýta margmiðlun við skil á verkefnum.

Nemendur vinna með tungumálið á fjölbreyttan hátt t.d. með sögum, myndasögum, krossgátum og ýmsum orðaleikjum. Unnið er með orðflokkanafnorð, sagnorð og lýsingarorð út frá helstu einkennum þeirra með margvíslegri verkefnavinnu bæði heima og í skólanum. Nemendur þjálfast í stafsetningu í almennri ritun og með því að fara í nokkrar stafsetningarreglur og vinna verkefni tengdum þeim. Lögð er áhersla á vandaðan frágang allra verkefna og að nemendur skrifi læsilega skrift.

**Helstu kennsluáðferðir:** Bein kennsla, þulunám og þjálfunaræfingar, einstaklingsmiðað nám, samvinnunám og umræðu og spurnaraðferðir. Samþætting og þemanám.

**Helsta námsefni:** Orðspor 1 grunn- og verkefnabók, Flökkuskinna, Skrift 5 og Fyrsti Smellur. Efni frá kennara.

**Námsmat:** Námsmat byggir á leiðsagnarmati, sjálfsmati og jafningjamati sem birt er með bókstöfum. Gerðar verða námslota/námslotur þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla. Um er að ræða fjölbreytt námsmat sem metið er út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Horft er til eftirfarandi þátta í Aðalnámskrá grunnskóla; talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og stafsetning og málfræði.

**Kennarar:** Umsjónarkennarar

### **Stærðfræði**

**Helstu áhersluatriði:** Nemendur halda áfram að vinna með grunnþættina samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu. Auk þess er fengist við mælingar, flatarmál, rúmfræði, mynstur, breytur, algebru, almenn brot, hnitakerfi, línurit og líkindareikning. Áhersla er lögð á að nemendur þrói með sér góðan skilning og geti gert skýra grein fyrir lausnum sínum. Þeim er gert að beita stærðfræðipækkingu sinni á ýmis svið og fást við verkefni sem reyna á rökhugsun, innsæi og talnaskilning. Grunnbækur eru fjölnota og nemendur skrá lausnir sínar og vangaveltur í vinnubók (reikningsbók). Lögð er áhersla á að nemendur haldi vinnubók sinni snyrtilegri og vandi uppsetningu og frágang dæma.

**Helstu kennsluaðferðir:** Bein kennsla, einstaklingsmiðað nám og samvinnunám.

**Helsta námsefni:** Ljúkum við Sprotu 4b, Stika 1a og 1b (nemendabók og æfingahefti), ásamt efni frá kennara.

**Námsmat:** Námsmat byggir á símati þar sem námsmat er birt með bókstöfum. Gerðar verða námslota/námslotur þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla. Um er að ræða fjölbreytt námsmat sem metið er út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Horft er til eftirfarandi þátta í Aðalnámskrá grunnskóla; að geta spurt og svarað með stærðfræði, að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar, tölur og reikningur, rúmfræði og mælingar, tölfræði og líkindi.

**Kennarar:** Umsjónarkennarar

### **Samfélagsfræði**

**Helstu áhersluatriði:** Samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Greininni er ætlað að efla skilning nemenda á ákveðnum grundvallar gæðum mannlegs lífs. Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Í sögukennslu er horft frá fortíð til samtíma á meðan trúarbragðafræði er ætlað að auka skilning á ríkjandi trúarbrögðum ásamt því að fela í sér siðfræði. Landafræði snertir á hinum ýmsu landfræðilegu þáttum Íslands.

**Helstu kennsluaðferðir:** Bein kennsla, þemanám samþætt við aðrar námsgreinar, einstaklingsmiðað nám, samvinnunám, umræðu og spurnaraðferðir og vefleiðangrar. Vettvangsferðir.

**Helsta námsefni:** Strætóskólinn á <https://www.vistorka.is/is/moya/news/straetoskolinn> Ísland – Hér búum við, **Frá Róm til Þingvalla, Hindúatrú og Búddatrú. (notuðum ekki)**

**Ítarefni:** Vefsíður og myndbönd ásamt efni frá kennara.

**Námsmat:** Námsmat byggir á símati sem birt er með bókstöfum. Gerðar verða námslota/námslotur þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla. Um er að ræða fjölbreytt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Horft er til eftirfarandi þátta í Aðalnámskrá grunnskóla; umhverfis, samfélags, sögu, menningar, sjálfsmyndar og samskipta.

**Kennarar:** Umsjónarkennarar

### Náttúrufræði

**Helstu áhersluatriði:** Nám í náttúrufræðigreinum á að einkennast af lýðræðislegum vinnubrögðum. Áhersla er lögð á að nemendur séu vísindalæsir. Í því felst að þeir geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri. Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni, en einnig í viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Undir náttúrugreinar heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Náttúran í gegnum linsuna er verkefni sem er samþætt náttúrufræði og upplýsingamennt, nemendur fylgjast með plöntum í umhverfinu og útbúa myndbönd í Power Director.

**Helstu kennsluáðferðir:** Bein kennsla, vettvangsnám og athuganir í umhverfinu, leitaráðferð, einstaklingsmiðað nám, samvinnunám, þemanám, umræðu og spurnaraðferðir.

**Helsta námsefni:** Náttúrulega 1.

**Ítarefni:** Vefsíður og myndbönd ásamt efni frá kennara.

**Námsmat:** Námsmat byggir á símati sem birt er með bókstöfum. Gerðar verða námslota/námslotur þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla. Kynningar nemenda þar sem nemendur segja frá eigin verkefnum metin í sjálfsmati og jafningjamati. Um er að ræða fjölbreytt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Horft er til eftirfarandi þátta í Aðalnámskrá grunnskóla; getu til aðgerða, nýsköpunar og hagnýtingu þekkingar, gildi og hlutverk vísinda, tækni, vinnubragða og færni.

**Kennarar:** Umsjónarkennarar

### Enska

**Helstu áhersluatriði:** Byggja upp jákvætt viðhorf gagnvart ensku, nemendur kynnist grundvallaratriðum enskrar tungu og geti m.a. myndað og skilið einfaldar setningar. Enskukunnátta veitir innsýn í fjölbreyttan menningarheim þeirra þjóða sem hafa ensku sem fyrsta mál og þjóða þar sem enska hefur stöðu annars máls. Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra.

**Helstu kennsluáðferðir:** Bein kennsla, einstaklingsmiðað nám, samvinnunám og hlutverkaleikir.

**Helsta námsefni:** Yes We can 5. Les- og vinnubók og hlustunarefni á neti.

**Ítarefni:** Vefsíður og myndbönd ásamt efni frá kennara

**Námsmat:** Námsmat byggir á símati sem birt er með bókstöfum. Gerðar verða námslota/námslotur þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla. Um er að ræða fjölbreytt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Horft er til eftirfarandi þátta í Aðalnámskrá grunnskóla; hlustunar, lesskilnings, samskipta, frásagna, ritunar, menningarlæsis og námshæfni.

**Kennari:** Umsjónarkennarar

## Hreyfing og heilsa

**Skipulag kennslu:** Farið verður í efni kennslubókarinnar með virkri þátttöku nemenda. Nemendur ræða efnið og vinna saman í pörum og smáum hópum. Leitast verður við að nemendur upplifi fræðslu um hollustu, hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl á jákvæðan og virkan þátt. Farið verður í gönguferðir, gerðar æfingar í kennslustofunni og á skólalóð.

### Markmið

Að nemendur:

- rifji upp hvað eru góðar lífsvenjur (næring, hreyfing, hvíld, svefn)
- greini á milli góðs og lélegs fæðuvals
- þekki heiti næringarefnanna
- þekki flokka í fæðuhringnum
- geri sér grein fyrir því að góðar neysluvenjur eru mikilvægar fyrir heilsuna
- viti um mikilvægi vatns fyrir líkamann
- læri um gildi þess að borða “fimm á dag”
- geti unnið með öðrum og sýnt tillitssemi
- geti unnið og tekið þátt með jákvæðu hugarfari
- læri að þekkja umhverfis- og endurvinnslumerki, temji sér ábyrgð gagnvart náttúrunni og verðmætum (s.s. orku, pappír ofl.)

**Námsefni:** Gott og gagnlegt; lesbók og vinnubók. Efni frá kennara.

**Námsmat:** Lagt verður mat á virkni í kennslustundum og frágang vinnubókar.

**Kennari:** Umsjónarkennarar

## Lífsleikni

**Helstu áhersluatriði:** Mikil áhersla er á að styrkja sjálfsmynd nemendanna sem þurfa að vera undirbúnir fyrir að takast á við ýmis áreiti og freistingar í lífinu. Að nemendur geri sér grein fyrir gildi hreyfingar og heilbrigðra lífshátta og nýti námið í daglegu lífi. Hvatt er til umræðna og samvinnu. Áfram er lögð mikil áhersla á mikilvægi góðra samskipta og að nemendur geti tjáð hugsanir, tilfinningar og skoðanir sínar. Fræðsla um hættur í nánasta umhverfi og viðbrögð við þeim. Umferðarfræðsla er hluti af lífsleikni og gert er ráð fyrir að nemendur þekki og tileinki sér allar reglur fyrir gangandi, hjólandi og skautandi vegfarendur. Fjallað er um gildi laga og reglna, góðrar hegðunar og ástundunar. Nemendur fá það verkefni á vorin að hreinsa til í kringum skólann. Námsgreinin lífsleikni tengist öðrum námsgreinum á margvíslegan hátt. Kennslan byggist fyrst og fremst á

umræðum, hlutverkaleikjum, verklegri þjálfun og bekkjarfundum. Unnið verður með uppeldisstefnuna Jákvæður agi.

**Helstu kennsluaðferðir:** Hlutverkaleikir, samvinnunám og bekkjarfundir.

**Helsta námsefni:** Verkefni um jákvæðan aga. Samgöngustofa.is – fræðsla. Umferðarvefurinn. Umferd.is/kennarar. Umferd.is/nemendur. Á ferð og flugi í umferðinni. Myndband um einelti 1. Eineltishringurinn. Ég er það sem ég vel 5. bekkur (samþætt við heimilisfræði). Ha, ég ? Verkefnablöð fyrir 9 -12 ára börn – Geðrækt. Efni frá kennara.

**Námsmat:** Þar sem umfjöllunarefni lífsleikninnar eru mjög huglæg er erfitt að meta þau á hefðbundinn hátt. Kennarinn fylgist með framförum og virkni nemandans og gefur umsögn við lok vorannar.

**Kennari:** Umsjónarkennarar

### Upplýsingamennt - tölvunotkun

**Helstu áhersluatriði:** Kynning á grundvallaratriðum í tölvunotkun þ.e. ritvinnslu (fingrasetningu, teikniforriti og vefnum. Nemendur læra að afla sér upplýsinga úr bókum og af netinu . Samhliða læra þeir að meta og vinna úr þeim.

**Helsta námsefni:** Power point, Word, Google umhverfið og efni frá kennara.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat.

**Kennari:** Umsjónarkennarar

### Myndmennt

**Helstu áhersluatriði:** Hugur - Hönd - Heilbrigði. Áhersla er lögð á að þjálf huga og hönd til skapandi starfs. Nemandinn hagnýtir þá leikni sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt verkefni. Hann byggir vinnuna á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknnum og reynslu. Nýtir í eigin sköpun grunnþætti myndlista, einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingu. Hann eflir eigin læsi á umhverfi sitt og myndmál umhverfis. Sýnir vinnuferli frá hugmynd að myndverki. Sýnir frumkvæði og eflir persónulega útfærslu viðfangsefna, notar mismunandi efni, verkfæri og miðla á markvissan hátt. Hann kynnir sér valdar listastefnur myndlista og vinnur verkefni tengd þeim. Gerir á einfaldan hátt grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlista og hönnunar. Nemendur vinna sjálfstætt og taka jafnframt þátt í ýmsum samstarfsverkefnum. Sýna þrautseigju og efla vitund um vönduð vinnubrögð og ábyrgð á eigin námi. Áhersla er lögð á jákvæð samskipti, góða umgengni um efni og áhöld og frágang á vinnusvæði.

**Námsefni og kennslugögn:** Kennslugögn og námsefni frá kennara, sem unnið er upp úr ýmsum vefsíðum, bókum og fræðum sem byggja m.a. á teikniþroska, hugmyndavinnu, skapandi nálgun, kennslufræði sjónlista, upplýsingatækni og grunnþáttum fagsins. Einnig er þegar það á við leitað fanga á gagnvirkum síðum Námsgagnastofnunar og öðrum síðum sem hafa kennsluefni tiltækt. Reynt er að gæta fjölbreytni í viðfangsefnum og taka mið af áhugasviði hvers og eins eftir því sem hægt er til að gera námið áhugaverðara. Unnið er með hugmyndafræði myndlæsis, bæði til tjáningar og kynningar á listasögu.

**Helstu kennsluaðferðir:** Kynning, stuttir fyrirlestrar, sýnikennsla við upphaf verkefna, einstaklingsleiðsögn, verklegar æfingar, samvinna og umræður.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat. Námsmat er unnið út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár sem einfölduð hafa verið í námsviðmið til að gera matið eins skilvirkt og kostur er þegar metin er hæfni hjá nemendum. Aðallega er horft til vinnuferlis en að einhverju leyti tekið mið af afrakstri vinnunnar, sjálfsmati og framförum nemenda. Námsmat fer fram reglulega á

tímabilinu. Námsviðmið eru grunnur námsmats og þau koma fram á hæfnikorti nemandans í Mentor.

**Kennari:** Elsa María Guðmundsdóttir

### Heimilisfræði

#### Helstu áhersluatriði:

- Kunni skil á þeim áhöldum og tækjum sem nota þarf við matreiðslustörf,
- Geti notað allar mæliskeiðarnar, dl-mál, lítra mál og geti mælt  $\frac{1}{4}$  og  $\frac{3}{4}$
- Þjálfist í að vinna nokkuð sjálfstætt eftir skriflegum uppskriftum og noti hráefni úr öllum fæðuflokkum.
- Geri sér grein fyrir helstu slyshættum í eldhúsi og geti unnið með öðrum og sýnt tillitssemi.
- Tileinki sér hreinlæti við vinnu sína og temji sér að halda vinnusvæði sínu hreinu.
- Tjád sig um heilbrigða lífshætti.
- Læri að þekkja umhverfis- og endurvinnslumerki, temji sér ábyrgð gagnvart náttúrunni og verðmætum (s.s. orku, pappír, spilliefni, sápu og fl.)
- Þekki næringarefna flokkana og geti tengt þá við fæðuflokkana og einstakar fæðutegundir.

**Skipulag kennslu/kennsluhættir.** Nemendur vinna 2-3 saman í hóp. Stuttur fyrirlestur/útskýring á verkefni, sýnikennsla ef þörf er á , einstaklings leiðsögn. Kennari aðstoðar eftir þörfum en leitast er við að efla sjálfstæð vinnubrögð. Reynt er að hafa viðfangsefni fjölbreytt og í takt við hæfniviðmiðin.

**Námsefni:** Gott og gagnlegt 2, lesbók, verkefni unnin upp úr bókinni, Komdu og skoðuðu eldhúsið, Ráðleggingar um mataræði gefið út af landlæknisembættinu, ljósritað efni, matreiðslubækur og uppskriftir.

**Námsmat:** Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrá í heimilisfræði og metið samkvæmt því. Leiðsagnarmat fer fram alla önnina sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan á námi stendur. Einnig er vinnubókin metin og verklegt próf í lok annar.

**Kennari:** Þóra Gígja Jóhannsdóttir

### Textílmennt

**Helstu áhersluatriði:** Nemendur vinni eftir leiðbeiningum frá kennara. Þeir fá innsýn í efni og áhöld sem notuð eru í greininni. Þeir tileinki sér hugtök og undirstöðuatriði textíl greinarinnar. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér sjálfstæði í vinnubrögðum.

**Kennsluhættir:** Námið er miðað við að auka færni nemandans og efla hjá honum þekkingu og skilning á sem flestum þáttum greinarinnar. Tekið er mið af skólasýn Glerárskóla, hugur - hönd - heilbrigði þar sem m.a er lögð áhersla á að nemendur þjálfri verklega hæfni, geri tilraunir og þrói hugmyndir sínar. Stuttir fyrirlestrar við upphaf verkefna, sýnikennsla, einstaklings leiðsögn, verklegar æfingar.

**Námsefni:** Vefefni, fagbækur af öllu tagi auk fjölbreyttra verkefna frá kennara. Uppskriftir, snið og verkefnablöð.

**Námsmat:** Námsmat byggir á markmiðum í skólanámskrá/Aðalnámskrá grunnskóla, þar sem lagt er mat á hvort nemandi hafi náð settum markmiðum auk annara þátta, og þau viðmið koma fram á hæfnikorti nemandans í Mentor.

Námsmat fer fram reglulega á tímabilinu og byggir það á vinnuferli, þ.e. vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði, umgengni og framkomu auk þess sem afrakstur vinnunnar er metinn.

**Kennari:** Soffía Margrét Hafþórsdóttir

### Hönnun og smíði

Hæfniviðmið:

- Geta valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki,
- Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni.
- Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.
- Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.
- Geta valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum.
- Greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir.
- Gert sér grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni,
- Útskýrt réttar vinnustellningar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.

### Námsefni

Bækur, blöð og vefsíður

#### **Kennsluhættir:**

Innlögn, sýnikennsla, verklegar æfingar, vettvangsferð.

#### **Námsmat:**

Byggt er á leiðsagnarmati þar sem skoðað er hvar nemandinn er staddur í námi sínu, hvert hann stefnir og þá hvernig best sé að standa að þeim aðgerðum út frá þeim hæfniviðmiðum sem eru lögð til grundvallar. Þetta stuðlar að sjálfstæði nemenda og eflir skilning á markmiðum.

**Kennari:** Ólafur Viðar Hauksson.

### Skólaíþróttir

**Helstu áhersluatriði og markmið:** Aukin áhersla á heilsuuppeldi, líkamsvitund og upplifun á nánasta umhverfi með kennslu utandyra og útivist. Auka þekkingu á gildi hreyfingar til heilsuræktar og eigin mati á stöðu sinni. Áhersla á styrkjandi og liðkandi æfingar sem leggja grunn að þreki og líkamsreisn.

**Leiðir:** Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar þolæfingar, styrktaræfingar, liðleikaæfingar, boltaleiki sem og leiki. Nemendum er skylt að koma með íþróttaföt og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum. Æskilegt er að nemendur hafi með sér skó í íþróttatímum.

**Námsgögn:** Stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan námi stendur og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma, leikni- og afkastagetupróf. Nánari upplýsingar um námsframvindu má nálgast á Mentor undir námsframvinda/námsmarkmið. Námsmarkmið sem merkt er við á Mentor eru unnin upp úr hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla.

**Kennarar:** Hrefna Dagbjartsdóttir, Kári Jóhannesson og Páll Viðar Gíslason

## Skólasund

**Helstu áhersluatriði:** Megináhersla á leikniþætti og kennslu allra sundaðferða og byggja ofan á þann grunn sem fyrir er og gera nemendur þar með vel sundfæra.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan námi stendur og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma, leikni- og afkastagetupróf. Nánari upplýsingar um námsframvindu má nálgast á Mentor undir námsframvinda/námsmarkmið. Námsmarkmið sem merkt er við á Mentor eru unnin uppúr hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla.

**Kennarar:** Hrefna Dagbjartsdóttir, Kári Jóhannesson og Páll Viðar Gíslason